



FJÁRMÁLA- OG  
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ



# Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2017



FJÁRMÁLA- OG  
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ



# Framlagning fjárlagafrumvarps




# Framlagning fjárlagafrumvarps við óvenjulegar aðstæður

## Óvenjulegar aðstæður og framlagningardagur fjárlagafrumvarps

- Samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar ber að leggja fram frumvarp til fjárlaga fyrir Alþingi þegar það kemur saman
- 25. gr. þingskapalaga Alþingis gerir því ráð fyrir að frumvarpið sé lagt fram á fyrsta fundi þingsins
- 1. gr. þingskapalaganna kveður á um að samkomudagur þingsins sé annar þriðjudagur í september (13. sept. í ár)
- Þar sem ákveðið var sl. vor að flýta alþingiskosningum til haustsins var starfi þingsins framlengt til 13. október
- Stjórnarmyndun að afloknum kosningum 29. október hefur dregist á langinn og var orðið brýnt að kveða þingið saman og leggja fram fjárlagafrumvarp 6. desember
- Skylda til að leggja fram fjárlagafrumvarpið hvílir á fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd starfsstjórnar
- Samkvæmt 41. gr. stjórnarskrárinnar má ekkert gjald greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum
- Hafi fjárlagafrumvarp ekki verið afgreitt fyrir áramót skortir fjárheimildir fyrir starfsemi ríkisins

Framvinda stefnumótunar og ákvarðanatöku um opinber fjármál og fjárlög í tengslum við 146. þing



# Grundvöllur fjárlagafrumvarpsins 2017

Fjármálastefna og fjármálaáætlun til fimm ára, á grundvelli nýrra laga nr. 123/2015, um opinber fjármál, var samþykkt á Alþingi í fyrsta skipti í ágúst sl.

Stefnan og áætlunin endurspeglar markmið og áherslur ríkisstjórnarinnar um hagstjórnarleg áhrif opinberra fjármála, skattastefnu og forgangsröð útgjalda til málefnasviða m.v. fyrirliggjandi forsendur og hagspár á þeim tíma.

Fjármálastefnan og fjármálaáætlunin eru þingsályktanir sem áskilnaður er um að ríkisstjórnin gangi út frá skv. 6. mgr. 5. gr og 3. mgr. 14. gr. laga um opinber fjármál.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2017 byggist í öllum meginatriðum á þeirri fjármálastefnu og fjármálaáætlun sem Alþingi samþykkti.

Að auki er í frumvarpinu tekið tillit til:

- fjárhagsáhrifa sem leiða af nýjum eða breyttum lögum, sem Alþingi hefur samþykkt
- ákvarðana ríkisstjórnarinnar um nokkur ný málefni sem taka þurfti afstöðu til eftir að fjármálaáætlun var lögð fram sl. vor og fram að alþingiskosningum
- annarra áætlaðra útgjaldabreytinga sem ríkissjóður er að óbreyttu skuldbundinn til að fjármagna




FJÁRMÁLA- OG  
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

# Efnahagsforsendur opinberra fjármála




# Þjóðhagsspá — Aukin þensla í kortunum


## Hagvöxtur (%)




## Vöxtur fjárfestingu (%)



## Vöxtur einkaneyslu (%)



## Viðskiptajöfnuður (% af VLF)





# Lykilstærðir og þróun helstu hagstærða

<b>Hagvöxtur</b> Spá 2016: 4,8% Spá 2017: 4,4%	<b>Verðbólga</b> Spá 2016: 2,2% Spá 2017: 2,4%
<b>Atvinnuleysi</b> Spá 2016: 3,3% Spá 2017: 3,0%	<b>Vöxtur kaupmáttar</b> Spá 2016: 9,2% Spá 2017: 4,2%


Landsframleiðslan árið 2016 orðin 7-8% að raunvirði meiri en fyrir hrun

Atvinnuleysi komið undir jafnvægisstig, mikill innflutningur vinnuafis til að anna eftirspurn


Mikil kaupmáttaraukning umfram framleiðnivöxt

Þenslumerki í hagkerfinu krefjast agaðrar hagstjórnar til að sporna við ofhitnun

### Þróun helstu hagstærða



### Framleiðsluspenna (%)



Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands



# Efnahagsmál — Samantekt

Efnahagsleg endurreisn eftir fall bankakerfisins er vel á veg komin og hagspár eru hagfelldar.

Gangi hagspár eftir verður yfirstandandi hagvaxtarskeið a.m.k. áratugur og þar með það lengsta á lýðveldistímanum.

Hagvöxtur hefur verið á traustum grunni og gott innra og ytra jafnvægi í þjóðarbúskapnum.

Vaxandi þensla ógnar jafnvægi í þjóðarbúskapnum og skapar hættu á ofhitnun.

Framleiðsluspenna nær hámarki í byrjun 2017.

Hraður vöxtur ferðapjónustunnar setur mikinn og viðvarandi þrýsting á krónuna og ógnar stöðugleika.

Mikilvægt er að auka þjóðhagslegan sparnað í formi aðhalds í opinberum rekstri til að draga úr eftirspurnarvexti.

Líta þarf til veikleika og styrkleika í langtímahorfum við ákvarðanir í efnahagsmálum t.d. öldrunar þjóðarinnar.

Aðrar efnahagsráðstafanir: hamla hækkun raungengis, hemja ruðnings- og gengisáhrif ferðapjónustunnar og stuðla að stöðugleika á vinnumarkaði.






FJÁRMÁLA- OG  
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ


# Staða og horfur í opinberum fjármálum

# Umskiptin á eftirhrunsárunum og staðan í dag


## Afkoma ríkissjóðs




## Afkoma sveitarfélaga




## Brúttó skuldir ríkissjóðs



## Vaxtagjöld ríkissjóðs



## Fjárlög 2016: Skipting útgjalda eftir málaflokkum\*



\*Óreglulegir liðir undanskildir

# Úrlausnarefnin framundan

## Tvö megin úrlausnarefni framundan í opinberum fjármálum

- Grynka á skuldabyrðinni og ganga til uppgjors á ófjármögnuðum lífeyrisskuldbindingum og varna frekari nýmyndun þeirra.
- Ríkisfjármálin verði sveiflujafnandi fremur en sveiflumagnandi og hægi á eftirspurnaraukningu og þenslu sem framundan er til að hagstjórnin varni ofhitnun og harðri lendingu yfirstandandi hagvaxtarskeiðs.

Bæði úrlausnarefnin kalla á að góður afgangur verði á heildarjöfnuði hins opinbera, helst sem mestur næstu tvö árin, sem hægir á heildar- eftirspurn og skilar jafnt og þétt sjóðstreymi til að grynka á skuldum eftir því sem árin líða.

Samhliða þessu þyrfti að skoða hvort unnt væri að losa ríkissjóð úr gríðarmikilli fjárbindingu og töluverðri áhættu sem felst í því að eiga tvo af þremur viðskiptabönkunum og nýta þau verðmæti til að lækka skuldir umtalsvert.



FJÁRMÁLA- OG  
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

# Öflugra regluverk og bætt stefnumörkun í opinberum fjármálum



# Ný lög um opinber fjármál - lykilatriði nýs fyrirkomulags

Lögin tóku gildi 1. jan. 2016

Innleiðing stendur yfir

Tvær lykilþingsályktanir um opinber fjármál

- Fjármálastefna fyrir næstu fimm ár við hver ríkisstjórnarskipti
- Fjármálaáætlun fyrir næstu fimm ár (hlaupandi árleg voráætlun)

Fjármálareglur og grunngildi

- Heildarjöfnuður jákvæður yfir 5 ár, halli hvers árs aldrei yfir 2,5% af VLF
- Skuldir undir 30% af VLF
- Skuldir umfram 30% af VLF lækki um 5% að meðaltali hver 3 ár
- **Grunngildin: Sjálfbærni-Varfærni-Stöðugleiki-Festa-Gegnsæi**

Sveigjanleiki og aukin ábyrgð ráðuneyta

Sjálfstætt fjármálaráð

Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar





FJÁRMÁLA- OG  
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

# Fjármálastefna fyrir árin 2017–2021 (vorið 2016)\*

\*Tölur eru óbreyttar frá stefnunni sem samþykkt var á Alþingi í ágúst sl.




# Fjármálastefna 2017–2021 - Tölusett markmið

Hlutfall af vergri landsframleiðslu	2017	2018	2019	2020	2021
<b>Hið opinbera, A-hluti:</b>	<b>%</b>	<b>%</b>	<b>%</b>	<b>%</b>	<b>%</b>
Heildarafkoma	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0
þ.a. ríkissjóður, A-hluta	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0
þ.a. sveitarfélög, A-hluta	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Heildarskuldir	34	30	29	28	26
þ.a. ríkissjóður, A-hluta	28	24	23	22	21
þ.a. sveitarfélög, A-hluta	6	6	6	6	5
<b>Opinberir aðilar í heild (ríki, sveitarfélög og fyrirtæki þeirra):</b>					
Heildarafkoma	0	0,1	0,7	1,1	1,3
Heildarskuldir	59	55	53	52	49





# Afkoma hins opinbera (A-hluti ríkis og sveitarfélaga)\*




\* Án áhrifa tekna af stöðugleikaframlögum en aðrir óreglulegir liðir eru meðtaldir.  
Reikningshaldsleg framsetning er á þjóðhagsgrunni (GFS-staðli)






# Fjármálastefna 2017–2021 - Stöðumat

## Heildarskuldir hins opinbera\* – ESB og Ísland 2015



\*Skv. Maastricht-skilyrðum (brúttó)  
Heimild: Eurostat

## Vaxtakostnaður hins opinbera – ESB og Ísland 2015






# Fjármálastefna 2017–2021 - Stöðumat

Vaxtakostnaður ríkissjóðs er hærri hér á landi en í nokkru ríkja ESB þótt skuldastaðan sé í meðallagi

Til að veða á móti halla á vaxtajöfnuðinum þarf að skila ríkulegum afgangi á frumjöfnuði ríkissjóðs sem er meiri en hjá nokkru ríkja ESB

Brýnt að draga enn frekar úr skulda- og vaxtabyrðinni

Frumjöfnuður hins opinbera\* – ESB og Ísland 2015



Heimild: Eurostat



# Fjármálaáætlun fyrir árin 2017–2021 (vorið 2016)\*

\*Tölur eru óbreyttar frá stefnunni sem samþykkt var á Alþingi í ágúst sl.




# Fjármálaáætlun 2017–2021: Meginstefnumið ríkisfjármála

<b>Þáttur</b>	<b>Stefnumið</b>
Hagstjórn	Aðhaldssemi verði gætt í fjármálum ríkissjóðs sem vegi á móti aukningu eftirspurnar og þenslu á næstu árum. Stjórnvöld beiti sér fyrir mótvægisáðgerðum til að draga úr spennu í hagkerfinu.
Afkoma	Árlegur afgangur á rekstri A–hluta ríkissjóðs verði a.m.k. 1% af VLF á áætlunartímabilinu.
Tekjur	Frumtekjur* vaxi ekki umfram vöxt VLF frá 2017 fram til ársins 2021.
Gjöld	Frumgjöld* vaxi ekki umfram vöxt VLF fram til ársins 2021.
Skuldir	Brúttóskuldir lækki um a.m.k. 15% bæði að nafnvirði og sem hlutfall af VLF frá stöðu í árslok 2016 fram til ársloka 2021. Öllum óreglulegum og einskiptis tekjum verði varið til niðurgreiðslu skulda og lækkunar á vaxtagjöldum.
Fjárfesting	Fjárfestingarstig ríkisins verði 1,3% af VLF árin 2017 og 2018 en hækki í 1,5% árið 2019 og til loka tímabilsins.

\* Að frátöldum óreglulegum og tímabundnum liðum

# Áhrif stöðugleikaframlaga á afkomu ríkissjóðs 2016


Heildarafkoma\* (mia.kr.)



\* Að meðtöldum 379,3 mia.kr. stöðugleikaframlögum frá slitabúum fallinna fjármálafyrirtækja  
Tölur skv. núgildandi (eldri) reikningshaldsskilum fjárlaga




# Opinberar skuldir lækki niður fyrir lögboðið hámark\*



\* Skv. skuldareglu nýrra laga um opinber fjármál: Heildarskuldir að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádregnum innistæðum í Seðlabankanum



# Staða lífeyrisskuldbindinga B-deildar LSR\*



\* Án ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga vegna A-deildar LSR  
Heimild: Ríkisreikningur



# Fjármálaáætlun


## Tekjuhliðin





# Samsetning skatttekna hins opinbera 2017 og 2013

## *Hlutfall af heildarskatttekjum*





# Raunvöxtur frumtekna ríkissjóðs 2006–2021


Vöxtur frumtekna að raunvirði hefur verið samfelldur frá 2010

6-8% raunvöxtur frumtekna árin 2016 og 2017

2–3% raunvöxtur áætlaður árin 2018–2021

Frumtekjur í mia.kr. á föstu verðlagi eru orðnar 5% hærri í ár en árið 2006 og verða orðnar 21% hærri árið 2021

Raunbreytingar í frumtekjum ríkissjóðs 2006-2021 án óreglulegra liða





# Fjármálaáætlun Útgjaldahliðin



# Raunvöxtur frumgjalda ríkissjóðs 2006–2021

Um 10% raunlækkun frumgjalda á árunum 2010–2012


Frumgjöld stóðu í stað að raungildi árin 2013–2015

3–4% raunvöxtur frumgjalda árin 2016 og 2017

2–3% raunvöxtur áætlaður árin 2018–2021

Frumgjöld í mia.kr. á föstu verðlagi eru orðin 7% hærri í ár en árið 2006 og verða orðin 24% hærri árið 2021

Raunbreytingar í frumgjöldum ríkissjóðs 2006-2021 án óreglulegra liða





# Sérstakt útgjaldasvigrúm til rekstrar og tilfærslna 2017–2021

Í fjármálaáætluninni var myndað sérstakt útgjaldasvigrúm fyrir rekstur og tilfærslur sem er skipt niður á málefnasvið ráðuneyta.


Gert er ráð fyrir nálægt 14 mia.kr. útgjaldasvigrúmi árið 2017

- Við skiptingu svigrúmsins var annars vegar horft til sérstakra áherslumála ráðuneyta og hins vegar til veltu málefnasviða en þó með þeim hætti að heilbrigðis-, mennta- og löggæslumál fá meiri forgang.

Þessu til viðbótar er á árunum 2018–2021 gert ráð fyrir frekara árlegu útgjaldasvigrúmi en það nemur 7 mia.kr. á ári.

Samanlagt nemur útgjaldasvigrúm til nýrra og aukinna verkefna 42 mia.kr. á tímabilinu 2017–2021.

## Sérstakt útgjaldasvigrúm fjármálaáætlunar





# Umtalsvert viðbótarfjárfestingarsvigrúm 2017–2021


Í voráætluninni var viðmið um að halda fjárfestingastigi ríkisins í 1,3% af VLF árin 2017-2018, þegar atvinnuvega- og íbúðafjárfesting er mikil, en auka það árin 2019-2021 í 1,5% af VLF\* þegar dregur úr öðrum fjárfestingum í hagkerfinu.

Fjárfestingasvigrúm myndast þannig bæði í takt við hagvöxtinn og þar sem verkefni koma í stað þeirra sem lýkur s.s. Norðfjarðargöng. Svigrúmið verður með þessu 6,4 mia.kr. árið 2017 en eykst yfir tímabilið og verður uppsafnað nálægt 22 mia.kr. árið 2021.

Felur í sér að heildarumfang framkvæmda sem fjármagnað er með svigrúminu geti orðið 75 mia.kr. árin 2017-2021.

Kemur til viðbótar 25-28 mia.kr. í árlegum grunnfjárfestingum þannig að fjárfestingar geta orðið á bilinu 38-48 mia.kr. á ári eða uppsafnað 205 mia.kr. fyrir allt tímabilið.

Byggist á auknum reglubundnum tekjum ríkissjóðs og svigrúmi sem myndast með lækkun vaxtakostnaðar.






# Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2017



# Heildarafkoma ríkissjóðs í fjárlagafrumvarpi 2017\*



\*Tölur skv. nýjum reikningshaldsskilum á þjóðhagsgrunni (GFS)





# Breytt framsetning fjárlaga – fjárstreymisyfirlit á þjóðhagsgrunni sem sýnir afkomu ríkissjóðs

Hér eru sýndar meginstærðir ríkisfjármála á þjóðhagsgrunni (GFS-staðli) þ.e. áætlun um tekjur og gjöld sundurliðaða eftir hagrænni flokkun, ásamt breytingum á eignum og skuldum.


Yfirlitið veitir góða sýn á efnahagsleg áhrif ríkisfjármálanna, svo sem á eftirspurn, framleiðslu og tekjudreifingu.

Heildartekjur fyrir árið 2017 eru áætlaðar 772 mia.kr., heildargjöld eru áætluð 743,4 mia.kr. og heildarafkoma ríkissjóðs er því áætluð 28,5 mia.kr.

m.kr.	Rekstrar- grunnur	Sjóðs- hreyfingar
<b>Heildartekjur</b> .....	<b>771.961,8</b>	<b>879.405,1</b>
<b>Skatttekjur</b> .....	<b>600.337,3</b>	<b>592.149,3</b>
Skattar á tekjur og hagnað .....	264.900,0	263.450,0
Skattar á laungreiðslur og vinnuafll .....	7.974,0	7.937,0
Eignarskattar .....	4.348,0	4.348,0
Skattar á vöru og þjónustu .....	304.116,3	297.787,2
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti .....	2.572,0	2.572,0
Aðrir skattar .....	16.427,0	16.055,1
<b>Tryggingagjöld</b> .....	<b>90.844,3</b>	<b>89.936,0</b>
<b>Fjárframlög</b> .....	<b>4.992,5</b>	<b>4.992,5</b>
<b>Aðrar tekjur</b> .....	<b>75.787,7</b>	<b>192.327,3</b>
Eignatekjur .....	42.636,6	44.929,2
þ.a. vaxtatekjur .....	18.432,3	20.834,9
þ.a. arðgreiðslur .....	18.530,6	18.530,6
Sala á vöru og þjónustu .....	28.910,1	28.887,1
Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur .....	4.241,0	118.511,0
<b>Heildargjöld</b> .....	<b>743.429,3</b>	<b>735.612,6</b>
<b>Rekstrarútgjöld</b> .....	<b>741.422,1</b>	<b>703.400,7</b>
Laun .....	186.156,5	187.816,5
Kaup á vöru og þjónustu .....	107.471,0	107.381,2
Afskriftir .....	30.279,6	-
Vaxtagjöld .....	80.820,0	70.842,0
Framleiðslustyrkir .....	33.741,3	33.741,3
Fjárframlög .....	240.101,4	240.101,4
Félagslegar tilfærslur til heimila .....	23.619,2	23.619,2
Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög .....	39.233,0	39.899,1
<b>Fastafjárútgjöld</b> .....	<b>2.007,3</b>	<b>32.211,9</b>
Fjárfesting í efnislegum eignum .....	32.286,9	32.211,9
Afskriftir (-) .....	-30.279,6	-
<b>Heildarafkoma</b> .....	<b>28.532,5</b>	<b>143.792,5</b>
<b>Peningalegar eignir, hreyfingar</b> .....	<b>-105.852,1</b>	<b>3.792,5</b>
Sjóður og bankareikningar, nettó .....	-95.582,8	1.392,5
Lánveitingar .....	1.600,0	1.600,0
Hlutfé og stofnfjárframlög .....	800,0	800,0
Viðskiptakröfur .....	-12.669,3	-
<b>Skuldir, hreyfingar</b> .....	<b>-134.384,6</b>	<b>-140.000,0</b>
Lántökur .....	-140.000,0	-140.000,0
Lífeyris skuldbindingar .....	-5.293,3	-
Viðskiptaskuldir .....	10.908,7	-



# Breytt framsetning fjárlaga - ákvörðun Alþingis um fjárheimildir



Útgjaldarammar fyrir 34 málefnasvið settir fram í voráætlun



Alþingi veitir **fjárheimildir** til 34 málefnasviða og 100 málaflokka í fjárlögum.  
- Í greinargerð fjárlagafrumvarpsins er ítarlega fjallað um stefnumótun málaflokka s.s. markmið og aðgerðir til næstu ára



Í fylgiriti með fjárlagafrumvarpinu er sýnd skipting **fjárveitinga** niður á stofnanir og einstaka verkefni



# Breytt framsetning fjárlaga – fjárheimildir eftir málefнасviðum og hagrænni skiptingu (lagagrein 2)

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjárf- framlög	Fjárm- tilfærslur	Heildar- gjöld	Rekstrar- tekjur	Framlag úr ríkissj.
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess .....	4.424,4	53,7	662,0		5.140,1	-70,4	5.069,7
02 Dómstólar .....	2.384,1				2.384,1	-20,2	2.363,9
03 Æðsta stjórnýsla .....	1.604,9	22,4	150,5		1.777,8	-1,6	1.776,2
04 Utanríkisráðgjafi .....	7.724,3	5.933,3			13.657,6	-397,2	13.260,4
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....	19.248,3	416,8	929,0		20.594,1	-7.970,4	12.623,7
06 Grunnskrár og upplýsingamál .....	3.600,2	0,3			3.600,5	-962,5	2.638,0
07 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál .....	2.188,6	1.528,1		9.878,0	13.594,7	-1.528,8	12.065,9
08 Sveitarfélög og byggðamál .....	5,0	20.136,6			20.141,6		20.141,6
09 Almanna- og réttaröryggi .....	22.316,5	377,2	209,8	18,5	22.922,0	-1.742,1	21.179,9
10 Réttindi einstakl., trúmál og stjórnýsla innanr.mála .....	9.230,3	3.439,5			12.669,8	-453,4	12.216,4
11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....	11.021,3	2.082,0	16.258,0	833,0	30.194,3	-1.257,0	28.937,3
12 Landbúnaðarmál .....	1.783,4	13.987,7			15.771,1	-463,2	15.307,9
13 Sjávarútvegur .....	5.413,5	310,1		583,0	6.306,6	-2.313,7	3.992,9
14 Ferðaþjónusta .....	440,3	694,9		1.176,0	2.311,2	-17,7	2.293,5
15 Orku- og eldsneytisráðgjafi .....	765,0	2.882,5			3.647,5	-243,6	3.403,9
16 Markaðseftirlit og stjórnýsla atv.mála og nýsköpunar ...	3.927,9	197,2	8,9		4.134,0	-222,4	3.911,6
17 Umhverfismál .....	10.152,7	3.170,4	1.165,7	1.108,5	15.597,3	-3.428,4	12.168,9
18 Menning og listir .....	7.263,4	3.728,3	230,1	172,1	11.393,9	-1.342,9	10.051,0
19 Fjölmíðlun, íþróttar- og æskulýðsmál .....	3.989,2	963,0		24,3	4.976,5		4.976,5
20 Framhaldsskólastig .....	27.276,8	2.068,0	244,7	292,2	29.881,7	-1.523,1	28.358,6
21 Háskólastig .....	30.418,5	8.747,8	1.180,0		40.346,3	-9.207,3	31.139,0
22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og menn.mála ...	3.469,8	1.745,1			5.214,9	-745,5	4.469,4
23 Sjúkrahúsþjónusta .....	74.934,9	2.063,6	3.435,6		80.434,1	-5.999,7	74.434,4
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....	23.758,8	17.046,0	31,9		40.836,7	-1.393,5	39.443,2
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta .....	41.500,8	571,5	1.471,0	1.228,2	44.771,5	-2.479,0	42.292,5
26 Lyf og lækningavörur .....	6.062,8	11.062,2			17.125,0		17.125,0
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks .....	293,5	54.102,0			54.395,5		54.395,5
28 Málefni aldraðra .....	25,0	67.307,8			67.332,8	-2,1	67.330,7
29 Fjölskyldumál .....	3.367,8	26.588,7			29.956,5	-152,9	29.803,6
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....	3.190,1	13.689,5			16.879,6	-2.101,1	14.778,5
31 Húsnæðisstuðningur .....	135,4	12.555,9		1.500,0	14.191,3		14.191,3
32 Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála .....	7.322,0	832,7			8.154,7	-1.387,3	6.767,4
33 Vextir, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar .....	83.813,3		110,0		83.923,3		83.923,3
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir .....	9.700,0	2.813,0	314,0		12.827,0	-340,0	12.487,0
<b>Samtals .....</b>	<b>432.752,8</b>	<b>281.117,8</b>	<b>26.401,2</b>	<b>16.813,8</b>	<b>757.085,6</b>	<b>-47.767,0</b>	<b>709.318,6</b>



# Breytt framsetning fjárlaga – fjárheimildir eftir málefnasviðum, málaflokkum og ráðuneytum (lagagrein 3)

Rekstrargrunnur, m.kr.	Æðsta stjórn ríkisins	Forsætisráðuneyti	Mennta- og menn.mála-ráðuneyti	Utanríkisráðuneyti	Atv.vega- og nýsköpunar-ráðuneyti	Innanríkisráðuneyti	Velferðar-ráðuneyti	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Umhverfis- og auðlinda-ráðuneyti	Vaxtagjöld ríkissjóðs	Samtals
<b>01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess .....</b>	<b>5.140,1</b>										<b>5.140,1</b>
01.10 Alþingi .....	4.216,9										4.216,9
01.20 Eftirlitsstofnanir Alþingis .....	923,2										923,2
<b>02 Dómsstólar .....</b>	<b>258,8</b>					<b>2.125,3</b>					<b>2.384,1</b>
02.10 Hæstiréttur .....	258,8					179,7					438,5
02.20 Héraðsdómsstólar .....						1.841,0					1.841,0
02.30 Landsréttur .....						104,6					104,6
<b>03 Æðsta stjórnarsýsla .....</b>	<b>695,2</b>	<b>1.082,6</b>									<b>1.777,8</b>
03.10 Embætti forseta Íslands .....	293,8										293,8
03.20 Ríkisstjórn .....	401,4										401,4
03.30 Forsætisráðuneyti .....		1.082,6									1.082,6
<b>04 Utanríkismál .....</b>				<b>13.657,6</b>							<b>13.657,6</b>
04.10 Utanríkisþjónusta og stjórnarsýsla utanríkis mála .....				4.970,1							4.970,1
04.20 Utanríkisviðskipti .....				686,0							686,0
04.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál .....				1.549,7							1.549,7
04.40 Þróunarsamvinna .....				4.827,3							4.827,3
04.50 Samningsbundin framlög vegna fjölbjóðasamstarfs .....				1.624,5							1.624,5
<b>05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....</b>								<b>20.594,1</b>			<b>20.594,1</b>
05.10 Skattar og innheimta .....								7.871,6			7.871,6
05.20 Eignaumsýsla ríkisins .....								5.348,1			5.348,1
05.30 Fjármálaumsýsla ríkisins .....								4.197,8			4.197,8
05.40 Stjórnarsýsla ríkisfjármála .....								3.176,6			3.176,6
<b>06 Grunnskrár og upplýsingamál .....</b>		<b>1.403,3</b>				<b>1.882,9</b>				<b>314,3</b>	<b>3.600,5</b>
06.10 Grunnskrár og upplýsingamál .....		1.403,3				1.882,9				314,3	3.600,5
<b>07 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál .....</b>			<b>4.884,1</b>		<b>8.710,6</b>						<b>13.594,7</b>
07.10 Samkeppnis sjóðir í rannsóknum .....			4.884,1		2.801,2						7.685,3
07.20 Nýsköpun og markaðsmál .....					5.909,4						5.909,4



# Breytt framsetning fjárlaga – nánari sundurliðun á fjárveitingum til stofnana og verkefna koma fram í fylgiriti

## Yfirlit 2

### Skipting fjárheimilda í fjárveitingar til ríkisaðila í A-hluta og verkefna og í varasjóði málaflokka

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárf- framlög	Heildar- gjöld	Rekstrar- tekjur	Framlag úr ríkissjóði
<b>01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess .....</b>	<b>4.424,4</b>	<b>53,7</b>	<b>0,0</b>	<b>662,0</b>	<b>5.140,1</b>	<b>-70,4</b>	<b>5.069,7</b>
<b>01.10 Alþingi .....</b>	<b>3.501,2</b>	<b>53,7</b>	<b>0,0</b>	<b>662,0</b>	<b>4.216,9</b>	<b>-27,1</b>	<b>4.189,8</b>
<i>00-201 Alþingi .....</i>	<i>3.501,2</i>	<i>53,7</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>3.554,9</i>	<i>-27,1</i>	<i>3.527,8</i>
101 Alþingiskostnaður .....	1.497,9	0,0	0,0	0,0	1.497,9	0,0	1.497,9
102 Framlög til þingflokka .....	0,0	51,9	0,0	0,0	51,9	0,0	51,9
106 Almennur rekstur .....	2.003,3	1,8	0,0	0,0	2.005,1	-27,1	1.978,0
<i>00-205 Framkvæmdir á Alþingisreit .....</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>662,0</i>	<i>662,0</i>	<i>0,0</i>	<i>662,0</i>
650 Nýbygging .....	0,0	0,0	0,0	575,0	575,0	0,0	575,0
655 Framkvæmdir á Alþingisreit .....	0,0	0,0	0,0	87,0	87,0	0,0	87,0
<b>01.20 Eftirlitsstofnanir Alþingis .....</b>	<b>923,2</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>923,2</b>	<b>-43,3</b>	<b>879,9</b>
<i>00-610 Umboðsmaður Alþingis .....</i>	<i>234,2</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>234,2</i>	<i>0,0</i>	<i>234,2</i>
101 Umboðsmaður Alþingis .....	234,2	0,0	0,0	0,0	234,2	0,0	234,2
<i>00-620 Ríkisendurskoðun .....</i>	<i>689,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>689,0</i>	<i>-43,3</i>	<i>645,7</i>
101 Ríkisendurskoðun .....	689,0	0,0	0,0	0,0	689,0	-43,3	645,7



# Fjárlagafrumvarp 2017

## Tekjuhliðin



# Lögfestar skattabreytingar: Áhrif 2017 – 2021

(tekjuáhrif í sviga eiga við upphafsár)

1. janúar 2017 taka gildi síðari áfangar breytinga á tekjuskatti einstaklinga og tollum

**Tekjuskattur einstaklinga (–3,8 ma.)**

- neðra skattþrep lækkar úr 22,68% í 22,5%
- efra skattþrep verður óbreytt 31,8%
- miðþrep fellur brott

**Tollar (-3,0 ma.)**

- falla brott af öllu nema mat- og drykkjarvöru
- mikil einföldun tollakerfisins

**Vörugjald bílaleigubifreiða (+2,5 ma.)**

- Afsláttur af vörugjaldi fellur brott í ársbyrjun 2018.

**Fjármagnstekjuskattur (-0,4 ma.)**

- Raunskattlagning leigutekna lækkar úr 14% í 10% við álagningu 2017

**Ívilnanir vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar aukast við álagningu 2017 (–0,2 ma.)**

- Hækkun á hámarki o.fl.

**Tilkoma hlutabréfaafsláttar (–0,3 ma.)**

- Tekjuskattsafsláttur til einstaklinga vegna kaupa hlutabréfa í litlum og meðalstórum fyrirtækjum

**Tekjuskattlagning erlendra sérfræðinga – sértæk ívilnun**



# Forsendur í fjármálaáætlun – ólögfestar breytingar

## 1. janúar 2017



Gjaldskrár (bensíngjald, olíugjald, kolefnisgjald, gjöld á áfengi og tóbak, bifreiðagjald) hækki um 2,5% umfram verðbólgu (tekjuáhrif +1,7 ma. á árinu 2017)

## 1. september 2017

Gistináttagjald hækki úr 100 kr. í 300 kr. á hverja gistinótt (tekjuáhrif +1,0 ma. á heilu ári 2018)

## 2020–2023

Bankaskattur verði lækkaður í fjórum jöfnum áföngum, úr 0,376% í 0,145% (tekjuáhrif alls –5,6 ma. á verðlagi 2017). Hér er miðað við skatthlutfallið 0,145% skv. tillögu lagafrumvarps sem lagt var fram með fjárlagafrumvarpi ársins 2014. Vegna fjármögnunar höfuðstólsleiðréttingar húsnæðislána var skatthlutfallið hækkað enn frekar, í 0,376%, og hefur verið óbreytt þannig frá árinu 2014.







# Fjárlagafrumvarp 2017

## Útgjaldahliðin

# Ýmis útgjaldamál í fjárlagafrumvarpi 2017\*

Útgjaldamál	útgjöldí mia.kr.
Breytingar á lögum um almannatryggingar – sameining bótaflokka ellilífeyrisþega í einn grunnlífeyri, dregið úr skerðingum og frítekjumörkum fækkað	11,1 mia.kr.
Aukin rekstrarframlög til heilbrigðismála** - Þar af eru aukin framlög til styrkingar á rekstri sjúkrahúsa og heilsugæslu hátt í 4 mia.kr. og 1,5 mia.kr. vegna nýs rammisamnings um rekstur hjúkrunarheimila.	7,3 mia.kr.
Hækkun iðgjalda launagreiðenda til A-deildar LSR úr 11,5% í 15,1% frá og með næstu áramótum	4,5 mia.kr.
Ný framlög til mennta og menningarmála s.s. vegna styrkingar á rekstrargrunni háskóla og framhaldsskóla auk þess sem veitt er framlag til listaframhaldsskóla til eflingar tónlistarfræðslu.	2,5 mia.kr.
Nýr rammisamningur um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins.	1,1 mia.kr.
Nýtt húsnæðisbótakerfi sem tekur gildi frá og með næstu áramótum – heildarumfang kerfisins verður um 6,5 mia.kr. en aukin framlög nema 785 m.kr. í frumvarpinu	0,8 mia.kr.
Hækkun hámarksgreiðslna úr Fæðingarorlofssjóði úr 370 þús.kr. á mánuði í 500 þús.kr. (breyting tók gildi í okt. sl.)	0,5 mia.kr.
Byggðar- og sóknaráætlanir landshluta	0,5 mia.kr.
Fjárhæðir og tekjuviðmiðunarmörk barnabóta verði hækkuð ásamt eignamörkum vegna vaxtabóta þannig að framlög milli ára 2016 og 2017 haldist áfram óbreytt	-

\* fjárhæðir án launa- og verðlagshækkana

\*\* málefnasvið 23-26 í frumvarpinu

# Ný og aukin fjárfestingar- og framkvæmdaverkefni í fjárlagafrumvarpi 2017 til samræmis við voráætlun 2017-2021

Verkefni	útgj. í mia.kr.
Framlög vegna framkvæmda við þrjú ný hjúkrunarheimila á árunum 2016-2018 .	1,2 mia.kr.
Bygging nýrrar Vestmannaeyjaferju. Áætlaður kostnaður skv. fjármálaáætlun var um 4,4 mia.kr. á árunum 2017-2019.	1,1 mia.kr.
Aukin framlög til almennra vegaf framkvæmda	1 mia.kr.
Framlag vegna nýrrar skrifstofubyggingar sem fyrirhugað er að reisa á Alþingisreitnum á árunum 2017-2019 fyrir samtals 2,6 mia.kr. auk annarra framkvæmda á Alþingisreit.	0,6 mia.kr.
Áframhaldandi uppbygging innviða á ferðamannastöðum – framlögin verði 1,2 mia.kr. árið 2017.	0,5 mia.kr.
Viðbótarframlag á árinu 2017 til tækjakaupa hjá Landspítalanum umfram fyrirbyggjandi tækjakaupaáætlun.	0,5 mia.kr.
Styrking innviða á Þingvöllum, samtals 1 mia.kr. á árunum 2017-2019.	0,4 mia.kr.
Framkvæmdir við Hús íslenskra fræða. Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdirnar á árunum 2017-2020 nemur um 3,7 mia.kr.	0,4 mia.kr.
Jarðgöng við Dýrafjörð. Heildarkostnaður er áætlaður um 12,3 mia.kr. og miðað við að framkvæmdum ljúki árið 2021. Í fjármálaáætlun er gert ráð fyrir að 300 m.kr. falli til á árinu 2017 og 3 mia.kr. árlega til og með árinu 2021.	0,3 mia.kr.
Nokkur önnur verkefni, þ.e. uppbygging fjarskiptainnviða (200 m.kr. árið 2017), undirbúningur að nýrri byggingu fyrir forsætisráðuneytið (100 m.kr. árið 2017) og bygging gesta á Kirkjubæjarklaustri (125 m.kr. árið 2017).	0,4 mia.kr.
<b>Samtals ný og aukin fjárfestingar- og framkvæmdaverkefni</b>	<b>6,4 mia.kr.</b>





# Árangur í efnahagsmálum og opinberum fjármálum

# Kostnaður við endurreisn fjármálakerfisins - endurheimtur

	Ma. kr. á verðlagi hvers árs	Ma. kr. á verðlagi 2015	% VLF
Veðlánaviðskipti Seðlabanka	-198	-333	-15,7
Verðbréfalán ríkissjóðs	-56	-94	-4,4
Fjármögnun viðskiptabankanna	138	128	5,5
Sparisjóðir	-22	-24	-1,3
Ríkisábyrgðir	-28	-34	-1,8
Lán Sí til Kaupþings	-39	-62	-2,6
Sérstakir skattar á slitabú	89	91	4,4
Stöðugleikaframlög slitabúa	386	386	17,5
Gjaldeyrisviðskipti Sí	17	20	1,0
<b>Alls</b>	<b>286</b>	<b>76</b>	<b>2,6</b>

- Sumarið 2016 kom út skýrsla unnin af dr. Ásgeiri Jónssyni og dr. Hersi Sigurgeirssyni um beinan kostnað við endurheimtur ríkissjóðs af falli bankanna, sjá töflu hér til vinstri
- **Mat þeirra var að hreinn ábati væri 2,6% af VLF**
- Á svipuðum tíma kom út skýrsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um sama málefni og var mat sjóðsins að hreinn ábati næmi um 9% af VLF en inn í það mat vantar liði eins og kostnað við endurreisn sparisjóðakerfisins
- Í samanburði AGS á kostnaði við endurreisn íslenska fjármálakerfisins og endurreisn fjármálakerfa annarra landa kom Ísland best út

# Gjaldeyrisforði – Afborganir erlendra lána ríkissjóðs




# Erlend staða þjóðarbúsins aldrei betri

Erlend staða þjóðarbúsins hefur stökkbreyst og eru erlendar eignir umfram skuldir í fyrsta sinn frá stríðsárunum

- Uppgjör slitabúa gömlu bankanna
- Dregið hefur úr umfangi aflandskrónuvandans
- Öflugur útflutningur þjónustu


## Erlend staða þjóðarbúsins



Heimild: Seðlabanki Íslands

# Þjóðartekjur á mann eru með þeim hæstu í heiminum

Þjóðartekjur á mann í OECD ríkjum<sup>1</sup>



1. Byggt á PPP.


Heimild: Macrobond.





# Gini-stuðullinn í ýmsum OECD ríkjum

Gini-stuðullinn er alþjóðlegur mælikvarði á tekjujöfnuði. Stuðullinn er frá 0, sem endurspeglar fullkominn jöfnuð (þegar allir hafa sömu tekjur) og 100, sem gefur til kynna fullkominn ójöfnuð. Síðustu 2 ár hefur Gini-stuðullinn verið lægstur á Íslandi af OECD ríkjunum



Heimild: OECD



# Staða heimila og fyrirtækja hefur styrkst


Heimili og fyrirtæki hafa nýtt hagstæðar aðstæður til að draga úr skuldsetningu og bæta eiginfjárstöðu sína

Skuldsetning þessara aðila er nú með minna móti í sögulegu samhengi


Heimili og fyrirtæki eru í betri stöðu til að mæta mögulegum áföllum en þau hafa verið í langan tíma

Endurnýjun hefur verið lítil á húsnæðismarkaði. Stór hluti yngstu árganganna hafa ekki náð að fjármagna fyrstu kaup

## Skuldir heimila



## Skuldir atvinnufyrirtækja



Heimild: Seðlabanki Íslands



# Helstu skattkerfisbreytingar síðustu missera

## **Tekjuskattur einstaklinga 2014–2017**

þrepum fækkað í tvö með brottfalli miðþreps, ný þrepamörk nokkru neðar en gömlu efri mörkin

## **VSK 2015–2016**

bil milli skattþrepa þrengt úr 18,5 í 13 prósentur og stofn breikkaður (fólksflutningar, ferðaþjónusta)

## **Almenn vörugjöld 2015–2016**

afnám (heimilistæki, matvara, varahlutir o.fl.)

## **Tollar 2016–2017**

lagðir niður af öllu nema tilteknum mat- og drykkjarvöru (2/3 álagðra tolla aflétt)

## **Tryggingagjald 2014–2016**

lækkað fjórum sinnum, um alls 0,84 prósentur

## **Almennur fjársýsluskattur 2014**

lækkaður um 1,25 prósentur

## **Stimpilgjald 2014**

nýtt og einfaldara kerfi

## **Bankaskattur 2014**

hækkaður nífalt og slitabú gerð skattskyld

## **Sérstakir hvatar 2016**


stuðningur við nýsköpunar- og vaxandi fyrirtæki (aukinn beinn stuðningur við rannsóknir og þróun, afsláttur vegna hlutabréfakaupa einstaklinga, afsláttur fyrir erlenda sérfræðinga o.fl.)



# Raunaukning framlaga til heilbrigðismála: 34% fyrir tímabilið 2013-2021\*

m.kr. á verðlagi 2016

þús.kr. pr. mann á verðlagi 2016



\* Útgjöld fyrir árin 2008-2015 byggja á svokölluðum COFOG (e. classification of the functions of government) sem er alþjóðlegur staðall Sameinuðu þjóðanna. Útgjöld frá og með árinu 2016-2021 byggja hins vegar á nýrri flokkun málefnasviða á grundvelli laga um opinber fjármál: sjúkrahúsjónusta, heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa, hjúkrunar- og endurhæfingaráþjónusta, lyf og lækningavörur. Smávægilegur munur er á útgjöldum milli þessara framsetninga. Útgjöld á föstu verðlagi, til viðbótar koma launahækkanir starfsfólks og verðlagshækkanir



# Útgjöld vegna heilbrigðismála, Ísland og OECD 2015

Opinber útgjöld Íslands vegna heilbrigðismála árið 2015 námu 7,2% af VLF sem er vel yfir meðaltali OECD ríkja sem þá var 6,6%.


Íslenska þjóðin mun eldast hratt á næstu áratugum. Hlutfall þeirra sem eru 67 ára eða eldri mun hækka úr 12% í ár í 19% eftir 25 ár eða árið 2040.

Væri aldurssamsetning Íslendinga sú sama og á hinum Norðurlöndunum væru útgjöld hins opinbera einna hæst hér á landi eða um 9%.


Heilbrigðisútgjöld einkaaðila eru lág á Íslandi (1,6% af VLF) sbr. við önnur lönd --> framlög hins opinbera eru hærri en ella á Íslandi

\* gul súla sýnir útgjöldin eins og þau eru skv. OECD en rauð súla sýnir útgjöld m.v. leiðréttingu þannig að aldurssamsetning Íslendinga sé sú sama og á Norðurlöndunum

## Heilbrigðisútgjöld hins opinbera\*



## Heilbrigðisútgjöld einkaaðila





# Útgjöld vegna heilbrigðismála, Ísland og OECD 2015


Oft eru heilbrigðisútgjöld sem hlutfall af VLF borin saman milli landa. Slíkur samanburður getur verið villandi.

Breytingar í hlutfalli heilbrigðisútgjalda af VLF geta verið tilkomnar af breytingu VLF eða breytingu í útgjöldum til heilbrigðismála.

Þegar heilbrigðisútgjöld eru borin saman milli landa er því mikilvægt að skoða einnig aðra þætti, s.s. heilbrigðisútgjöld á mann.

Heilbrigðisútgjöld á mann eru t.a.m. hærri í Kanada en á Íslandi en hlutfall heilbrigðisútgjalda af VLF eru aðeins hærri á Íslandi.

Heilbrigðisútgjöld á mann og heilbrigðisútgjöld hins opinbera\*



\* Gul súla sýnir útgjöldin eins og þau eru skv. OECD en rauð súla sýnir útgjöld m.v. leiðréttingu þannig að aldurssamsetning Íslendinga sé sú sama og á Norðurlöndunum



# Raunhækkun framlaga á ársnema á framhaldsskólastigi: 70% fyrir tímabilið 2013-2020

Heildarútgjöld framhaldsskólastigsins drógust saman um 5% að raungildi í kjölfar bankahrunsins. Á sama tíma fjölgaði nemendum þannig að framlög á hvern nemanda lækkuðu.


Heildarútgjöldin hafa aukist á árunum 2013 – 2016 um 25% að raungildi. Á sama tíma hefur nemendum fækkað og útgjöld á hvern nemanda hafa aukist um 36% að raungildi.

Áætlað er að nemendum fækki um 21% á árunum 2013-2020, m.a. vegna styttingar námstíma.


Framlög til framhaldsskóla aukast um 36% að raungildi tímabilið 2013 – 2020 skv. fjármálaáætluninni.

Það svarar til þess að framlag á hvern nemanda hækki um ríflega 70% á þessu tímabili.

## Útgjöld framhaldsskólastigs á föstu verðlagi 2016



## Ársnemendur í framhaldsskólum





# Raunhækkun framlaga á ársnema á háskólastigi: 37% fyrir tímabilið 2013-2021

Útlit fyrir áframhaldandi fækkun ársnema á næstu árum samhliða því að gert er ráð fyrir því að framlög til háskólanna verði aukin sem nemur 34% að raungildi á tímabilinu 2013-2021...


... framlög á hvern nemanda munu því að óbreyttu fara jafnt og þétt hækkandi

Rekstrarframlög háskólastigsins hækka að raunvirði um 37% á hvern ársnemanda á 2013-2021, gangi áætlanir eftir

- Það ætti því að draga enn frekar saman með Íslandi og Norðurlöndunum á komandi árum

Framlög ríkisins til samkeppnissjóða í rannsóknum og tækni jukust um ríflega 60% að raunvirði á tímabilinu 2013 – 2016. Áformað að framlögin aukist um 5% að raunvirði á tímabilinu 2017 – 2021.

Rekstrarframlög háskólastigsins á hvern ársnema á föstu verðlagi 2016







# Orðskýringar



# Orðskýringar

Hugtak	Lýsing
Heildarjöfnuður	Heildartekjur að frádregnum heildargjöldum
Vaxtajöfnuður	Vaxtatekjur að frádregnum vaxtagjöldum
Frumjöfnuður	Heildarjöfnuður að frádregnum vaxtajöfnuði
Fjárheimild	Tilgreind fjárhæð sem Alþingi hefur ákveðið að megi ráðstafa á tilteknu fjárlagaári til málefnasviða og málaflokka.
Fjárveiting	Tilgreind fjárhæð í fylgiriti með fjárlögum sem sýnir ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til stofnana og verkefna.
Málefnasvið	Svið eðlisskyldra málaflokka sem skilgreint er á grunni staðals Sameinuðu þjóðanna um flokkun gjalda.
Málaflokkur	Flokkun eðlisskyldra stjórnarmálefna sem falla undir tiltekið málefnasvið.
Fjármálastefna	Stefna ríkisstjórnar sem lögð er fram á Alþingi um almenn markmið í opinberum fjármálum til eigi skemmri tíma en fimm ára.
Fjármálaáætlun	(voráætlun): Áætlun ríkisstjórnar sem lögð er fram á Alþingi hvert vor. Áætlunin felur í sér greiningu á stöðu efnahagsmála, markmið um þróun fjármála ríkis og sveitarfélaga, ráðstöfun útgjalda ríkisins til málefnasviða og umfjöllun um hvernig markmiðum áætlunarinnar verði náð. Voráætlun byggir á fjármálastefnu.
Opinber fjármál	Fjármál ríkis og sveitarfélaga og stofnana þeirra, svo og sjóða og fyrirtækja sem eru að hálfu eða meiri hluta í eigu ríkis eða sveitarfélaga.